

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2019

2019/EES/57/06

frá 29. mars 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1857 frá 13. október 2017 um viðurkenningu á að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Bandaríkjum Ameríku fyrir afleiðuviðskipti sem eru undir eftirliti Commodity Futures Trading Commission jafngildi tilteknum kröfum í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031 frá 19. desember 2018 um ákvörðun á jafngildi regluramma sem gildir í takmarkaðan tíma um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31bcav (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2278) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bcav. **2017 D 1857**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1857 frá 13. október 2017 um viðurkenningu á að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Bandaríkjum Ameríku fyrir afleiðuviðskipti sem eru undir eftirliti Commodity Futures Trading Commission jafngildi tilteknum kröfum í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 265, 14.10.2017, bls. 23).

31bcaw. **2018 D 2031**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031 frá 19. desember 2018 um ákvörðun á jafngildi regluramma sem gildir í takmarkaðan tíma um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) 2017/1857 og (ESB) 2017/2031, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 265, 14.10.2017, bls. 23.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 50.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.